



121. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – sýmenntunar á Suðurlandi, 15. mars 2016 kl. 16.00, í Fjölheimum

Mætt: Sigursveinn Már Sigurðsson, Þór Hreinsson, Laufey Ósk Magnúsdóttir og Elín Einarsdóttir. Magðalena Jónsdóttir boðaði veikindaforföll. Einnig sátu fundinn Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri, sem stýrði fundi og Ásmundur Sverrir Pálsson fyrrum framkvæmdastjóri.

1. Nýir stjórnarmenn boðnir velkomnir en það eru Laufey Ósk Magnúsdóttir fulltrúi Atorku og Sigursveinn M. Sigurðsson fulltrúi FSu. Breytt stjórn skiptir þannig með sé verkum að Sigursveinn Már Sigurðsson verður formaður og Laufey Ósk Magnúsdóttir varaformaður.
2. Ársreikningur ársins 2015 yfirfarin. Ásmundur gerði grein fyrir reikningnum og svaraði spurningum. Ársreikningur 2015 samþykktur og undirritaður.
3. Eyjólfur fer yfir rekstraráætlun 2016. Stjórnin samþykkir framlagða áætlun. Ásmundur yfirgefur fundinn.
4. Farið yfir ársskýrslu 2015. Stjórnin fagnar myndrænni framsetningu skýrslunnar, góðum árangri sóknaráætlunar á miðsvæði síðustu þrjú árin og fjölgun nemendastunda hjá Fræðslunetinu.
5. Farið yfir launaþróun mismunandi starfsheita í mismunandi stéttarfélögum 2015-2016. Sá munur sem var til staðar í ársbyrjun 2015 minnkar greinilega árið 2016. Í ljósi þessara upplýsinga og þess að rekstur Fræðslunetsins er í járnnum mun stjórnin ekki aðhafast meira í þessu máli í bili.
6. Eyjólfur fer yfir fréttir af starfinu m.a. nýtt nám í ferðaþjónustu, nýja heimasíðu og bílastæðavandamál. Stjórnin lýsir yfir áhyggjum yfir stöðu bílastæðamála, augljóslega eru of fá stæði á þessu svæði við Fjölheima og sundlaug.

Fundi slitið 18.40

Fundargerð ritaði Laufey Ó. Magnúsdóttir

